

Fundargerð nítjándra fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 13. október 2005

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16:30.

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

D a g s k r á:

1. Kosning formanns
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Nafnmyndaskrá, hvernig gengur
4. Forskráning íslenskra rita
5. 856 hópurinn
6. Gæðamál
7. Önnur mál

1. Kosning formanns

Meðan á kosningu formanns stóð viku aðrir en skráningarráð af fundi. Formaður síðasta tímabils, Þóra Sigurbjörnsdóttir, tók áskorun um að vera formaður áfram og tók hún að sér formennsku í eitt ár í viðbót.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var lögð fram og samþykkt með áorðnum athugasemdum.

Fram kom að hópur um skráningu myndbanda hefur fundað. Varðandi 6. lið, að sleppa undirtitli sem bókmenntagrein, s.s. skáldsaga, vegna röðunar var ákveðið að bíða með ákvörðun þangað til farið verður yfir nafnmyndaskráningu í annarri viku í nóvember.

3. Nafnmyndaskrá, hvernig gengur

Fram kom að unnið hefur verið að forsögn að nafnmyndaskrá. Frumvinnu lauk fyrstu vikuna í september. Síðan voru gögnin send út til vinnslu, farið yfir þau og prófunarskýrsla var send út 11. okt. sl. Sigrún fór yfir helstu atriði úr prófunarskýrslunni. Tilvísanir úr Feng og Gegni eru fyrir hendi. Samræmdir titlar verða ekki í nafnmyndaskrá. Engar tilvísanir eru komnar á efnisorð. Skoða þarf efnisorð og framsetningu þeirra. Efnisorðaráð hittist og ræði málin. Ragna kallar saman fund 3. nóvember í veikindaforföllum Elísabetar.

4. Forskráning íslenskra rita

Ritstjóri Gegnis kynnti tilraunaverkefni um forskráningu íslenskra rita 2005 í samstarfi Landsbókasafns og Borgarbókasafns, sbr. Fskj. 4.1. Til grundvallar liggja upplýsingar úr próförk að *Bókatíðindum* 2005 frá Félagi íslenskra bókaútgefenda. Í forskráðu færslunum verða eftirfarandi grunnatriði: ISBN, höfundur, titill, prentsögn. Færslurnar verða auðkenndar með athugasemdinni FORSKRÁNING 2005.

Forskráningin fer í gang í næstu viku og verður kynnt á *Vöndu*, póstlista Landskerfis og í *Fregnum*. Markmiðið með forskráningunni er að koma skráningarupplýsingum á framfæri í Gegni eins fljótt og auðið er svo söfn þurfi ekki að bíða eftir skráningu, ennfremur að koma í veg fyrir tvískráningu í kerfið. Þegar efnið kemur útgefið verður það síðan fullskráð.

5. 856 hópurinn

Skjalið *Rafrænn aðgangur* (Fskj. 5.1), sem er í vinnslu, var lagt fram til kynningar og farið yfir það. Þar kemur m.a. fram að aðeins skuli skrá eina bókfræðifærslu í Gegni fyrir hverja eind og sé prentað eintak lagt til grundvallar sé það fyrir hendi. Bókfræðifærslur eru sameign aðildarsafna Gegnis en forðafærslur séreign hvers aðildarsafns um sig. Farið var yfir skjalið lið fyrir lið og gerðar athugasemdir. Rætt var m.a. um skráningu forðafærslna. Fundarmenn voru sammála um að finna þarf raundæmi reglunum til stuðnings og útskýringar. Fanney kemur þeim athugasemdum sem komu fram til 856-hópsins sem tekur þær fyrir á næsta fundi.

6. Gæðamál

Fram kom að móta þarf reglur og verkferli um gæðamál til að gera eftirlit virkara og ennfremur verklagsreglur um áminningu til skrásetjara ef skráning stenst ekki gæðakröfur.

Lögð voru fram dæmi um óvandaða og gallaða skráningu (Fskj. 6.1-6.11.a) og farið yfir þau.

Dæmin snérust um eftirfarandi atriði:

1. Færslu breytt – eyðilögð (1 og 2)
2. Ein færsla – eintök sundurleit, n.k. safnfærslur (3 og 4)
3. Færslu spillt/breytt án samráðs við stofnanda færslu – höfði breytt (5)
4. Kvörtun til skráningarráðs (6-7)
5. Hroðvirknisleg skráning – villur (8-11)
6. Skemmri skráning – ekki unnið úr bráðabirgðafræðslum

Ákveðið að móta reglur um verkferli við afturköllun skráningarheimilda og athugasemdir til skrásetjara og leiðir til úrbóta, t.d. að senda skriflega áminningu til viðkomandi skrásetjara með rökstuddum dæmum og afrit til yfirmanns og gefa síðan ákveðinn frest til úrbóta. Sigrún og Þóra móta drög að reglum til að leggja fyrir næsta fund skráningarráðs.

7. Önnur mál

- a) Lagður var fram listi yfir skrásetjara Gegnis (Fskj. 7.a.1). Óskað var eftir lista yfir þá sem eru að skrá bókfræðifærslur. Þ.e. yfir þá skrásetjara sem eru að leggja inn bókfræðifærslur (að undanskildum þeim sem eru með skráningarheimild vegna aðfanga).
- b) Dreift var til kynningar eftirfarandi efni frá myndbandahópnum: „Tillögur frá myndbandahópi til skráningarráðs“, dags. 13.10.2005 (Fskj.7.b.1).
- c) Erindi barst frá Valgerði Gunnarsdóttur bókasafns- og upplýsingafræðingi hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands (sem hefur skráningarheimild) um að greiniskrá tímarit Þróunarstofnunar Íslands, *Þróunarmál*, ISSN 1670-617X í Gegni. (sbr. Fskj. 7.c.1.) Formaður svarar erindinu jákvætt.
- d) Formaður skráningarráðs óskaði eftir upplýsingum frá Landskerfi bókasafna um fjölda bókfræðilegra færslna í Gegni.
- e) Skjalamál skráningarráðs. Fram kom hugmynd um að ritarar fundargerða skili aukaeintaki af fundargerð ásamt fylgiskjöllum til að setja í möppu til varðveislu hjá Landskerfi bókasafna sem skjöl skráningarráðs. Fundarmenn samþykktu þessa verklagsreglu.
- f) Næsti fundur var ákveðinn þann 4. nóvember nk. kl. 15 hjá Landskerfi bókasafna og í framhaldi af honum gerir skráningarráð sér dagamun í tilefni af því að það er 20. fundur ráðsins.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 20. október 2005